Nr. 28.
3.
nóvbr.

Auglýsing

um

samning milli konungsríkisins Danmerkur og hins internatiónala Kongó-fjelags.

Samkvæmt auglýsing frá stjórnarráði utanríkismálanna, 14. sept. þ. á., hefur hin konunglega danska stjórn og hið internatiónala Kongó-fjelag 23. febrúar þ. á. gjört með sjer samning þann er hjer fer á eptir og saminn hefur verið á franska tungu:

Þareð það er áhugamál fyrir hans hátign Danmerkur konungi, og hans hátign Belgíu konungi sem stofnara hins internatiónala Kongó-fjelags og fyrir hönd þess að ákveða með samningi stöðu Danmerkur í viðskiptum við hið internatiónala Kongó-fjelag, þá hafa þeir konungar til þess að koma málinu fram, hvatt til fyrir sína hönd umboðsmenn þessa:

Hans hátign Danmerkur konungur: herra Carl Rudolph Emil Vind, hans hátignar sjerstaklegan sendiherra og ráðherra með fullu valdi hjá hans hátign þýzkalands keisara og konungi Prússlands, og

Hans hátign Belgíu konungur:

herra Maximilian Carl Ferdinand Strauch, ofursta í liði Belgíu,

og er menn þessir höfðu gjört hvor öðrum grein fyrir umboðum sínum, er reyndust að vera í góðu og gildu formi, hafa þeir komið sjer saman um greinir þær, er hjer fara á eptir:

I. grein.

Hin konunglega danska stjórn viðurkennir flagg hins internatiónala Kongó-fjelags svo sem flagg vinaríkis; er það blátt flagg með gullstjörnu á miðjum grunni.

II. grein.

Hið internatiónala Kongó-fjelag skuldbindur sig til þess að heimta eigi neinskonar toll af vörum þeim eða verzlunarvarningi, er danskir þegnar flytja til landeigna þeirra, er fjelagið nú á eða síðar eignast, hvort heldur varningurinn á að staðnæmast þar eða flytjast út aptur. Tollfrelsis þessa njóta og vörur þær og verzlunarvarningur, er flyzt eptir vegum þeim, járnbrautum eða síkjum, sem nú eru eða síðar verða gjörð kring um Kongó-gljúfrin.

III. grein.

Dönskum þegnum er heimilt að hafast við og taka sjer bólfestu í landeignum fjelagsins þeim sem nú eru eður það síðar eignast. Skulu þeir njóta jafnrjettis við þegna þeirrar þjóðar, er beztum kjörum á að sæta hjá því, að innlendum mönnum meðtöldum, að því er snertir vernd á sjálfum þeim og eignum þeirra, trúarbragða frelsi, sókn og vörn rjettinda, svo og að því er skipaferðir, verzlun og iðnað áhrærir. Sjerstaklega skal þeim heimilt vera að kaupa, selja og leigja lönd, náma, skóga og byggingar í landeignum fjelagsins, setja þar á stofn verzlunarhús og reka verzlun og strandsiglingar undir dönsku flaggi.

Bekjendtgjørelse

Nr. 28.
3die
Novbr.

om

en mellem Kongeriget Danmark og det internationale Kongo-Selskab affluttet Konvention.

Ifølge Udenrigsministeriets Bekjendtgjørelse af 14de September d. A. er der under 23de Februar d. A. mellem den kongelig danske Regjering og det internationale Kongo-Selskab blevet affluttet følgende Konvention, der er affattet i det franske Sprog.

Da Hans Majestæt Kongen af Danmark og Hans Majestæt Belgiernes Konge i Egenskab af det internationale Kongo-Selskabs Grundlægger og i dette Selskabs Navn, ere besjælede af Ønsket om, ved en Konvention at ordne Danmarks Forhold til det internationale Kongo-Selskab, have de i dette Øiemed udnævnt til deres Befuldmægtigede:

Hans Majestæt Kongen af Danmark:

Herr Carl Rudolph Emil Vind, Hans Majestæts overordentlige Gesandt og befuldmægtigede Minister hos Hans Majestæt Keiseren af Tydskland, Konge af Preussen og

Hans Majestæt Belgiernes Konge:

Herr Maximilian Carl Ferdinand Strauch, Oberst i den belgiske Hær,

hvilke, efter Udveksling af deres Fuldmagter, der befandtes i god og rigtig Form, ere komne overens om følgende Artikler:

Artikel I.

Den kongelig danske Regjering anerkjender det internationale Kongo-Selskabs Flag — et blaat Flag med en Guldstjerne i Midten — som en venskabelig Stats Flag.

Artikel II.

Det internationale Kongo-Selskab forpligter sig til ikke at opkræve nogensomhelst Told af Varer eller Handelsartikler, der indføres umiddelbart eller i Transit af danske Undersaatter i Selskabets nuværende eller fremtidige Besiddelser. Denne Toldfrihed strækker sig ogsaa til de Varer og Handelsartikler, der befordres paa de nu eller fremtidigt anlagte Veie, Jernbaner eller Kanaler omkring Kongo-Kataraktерne.

Artikel III.

Danske Undersaatter have Ret til at opholde sig og bosætte sig i Selskabets nuværende og fremtidige Besiddelser. De skulle behandles paa samme Maade som den mest begunstigede Nations Undersaatter, deri indbefattet Indlændingene, i Henseende til Beskyttelse for deres Person og deres Eiendom, den frie Udøvelse af deres Religion, Forfølgelsen og Forsvaret af deres Rettigheder, saavelsom i Henseende til Skibsfart, Handel og Industri. I Særdeleshed skulle de have Ret til at kjøbe, sælge og leie Grundstykker, Miner, Skove og Bygninger, beliggende i Selskabets Besiddelser, at oprette Handelshuse der og drive Handel og Kystfart under dansk Flag.

Nr. 28. 3. nóvbr.

IV. grein.

Fjelagið skuldbindur sig til að veita aldrei þegnum annarar þjóðar nokkur þau hlunnindi, er það eigi jafnskjótt lætur dönskum þegnum í tje.

V. grein.

Það er samkomulag, að Danmörk eigi að njóta allra þeirra rjettinda og einkarjettinda, er veitt hafa verið eða kunna verða öðrum ríkjum að því, er skipun konsúla, embættisstörf þeirra og dómsvald snertir.

VI. grein.

Ef fjelagið selur af hendi landeignir þær, er það nú á eða síðar eignast, eða hluta þeirra, skal getið um skyldur þær, er það hefur tekizt á hendur með samningi þessum, í afsalsgjörðinni, og skulu þær lagðar á þann, er við tekur. Skyldur þessar og rjettindi þau, er fjelagið hefur veitt Danmörk og dönskum þegnum, skulu haldast við eptir hverja afhending sem er, gagnvart sjerhverjum nýjum eiganda hvers eins hluta nefndra eigna.

VII. grein.

Samning þenna skal fullgilda og skal fullgildingum skiptast á svo fljótt sem auðið er.

Samningur þessi öðlast gildi þegar er skipzt hefur verið á fullgildingum.

Til staðfestingar þessu hafa umboðsmennirnir báðir ritað undir samning þenna, og sett á hann merkisinnsigli sín.

Gefið út í Berlín, 23. febr. 1885.

E. Vind. (L. S.)

Strauch. (L. S.)

Þetta gjörist hjermeð öllum kunnugt, eptir að samningurinn hefur fullgiltur verið og fullgildingum skipzt á í Antverpen 13. ágúst þ. á.

Í stjórnarráði Íslands, 3. nóvbr. 1885.

J Nellemann.

A. Dybdal.

Artikel IV.

Selskabet forpligter sig til aldrig at tilstaa en anden Nations Undersaatter nogensomhelst Fordel, uden at denne strax bliver udstrakt til de danske Undersaatter.

Artikel V.

Man er kommet overens om, at Danmark skal nyde alle de Rettigheder og Privilegier, der ere eller ville blive tilstaaede andre Stater i Henseende til Udnævnelsen af Konsuler, deres Embedsvirksomhed og den konsulære Jurisdiktion.

Artikel VI.

I Tilfælde af Aftrædelse af Selskabets nuværende eller fremtidige Besiddelser eller af en Del deraf, skulle de af Selskabet ved nærværende Konvention overtagne Forpligtelser omtales i Aftrædelsesakten og lægges over paa Erhververen. Disse Forpligtelser og de Danmark og de danske Undersaatter af Selskabet tilstaaede Rettigheder skulle forblive i Kraft efter enhver Aftrædelse, overfor enhver ny Erhverver af hvilkensomhelst Del af de nævnte Besiddelser.

Artikel VII.

Denne Konvention skal ratificeres og Ratifikationerne skulle udvexles inden den kortest mulige Frist.

Denne Konvention træder i Kraft umiddelbart efter Ratifikationernes Udvexling.

Til Stadfæstelse heraf have de tvende Befuldmægtigede undertegnet nærværende Konvention og paatrykt samme deres Vaabensegl.

Givet i Berlin, den 23de Februar 1885.

E. Bind. (L. S.)

Strauch. (L. S.)

Hvilket, efter at Konventionen er blevet ratificeret og Ratifikationerne under 13de August d. A. ere blevne udvexlede i Antwerpen, herved bringes til almindelig Kundskab.

Ministeriet for Island, den 3die Novbr. 1885.

J. Nellemann.

A. Dybdal.